

Segja málverk aftur í tísku

Carnegie listverðlaunasýningin 1999 var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær. Sýning er sett upp að frumkvæði samnefnds norræns fjárfestingabanka í samvinnu við sérfræðinga og menningarstofnanir frá öllum Norðurlöndunum. Á sýningunni eru nýleg málverk eftir tuttugu myndlistarmenn frá öllum Norðurlöndunum, þar á meðal þrjú frá Íslandi.

Það fyrsta sem manni dettur í hug að spyrja um í sambandi við Carnegie Art Award sýninguna á Kjarvalsstöðum er þetta: „Hvers vegna er fjárfestingabanki að setja upp myndlistarsýningu?“

Svarið kemur frá Anne Folke umsjónarmanni sýningarinnar: „Carnegie hefur í mörg ár stutt við bakið á menningarstarfsemi. Fyrir rúmum tveimur árum fengum við áhuga á að beina þessum stuðningi í ákveðinn farveg og fórum af stað til að leita leiða til þess.“ Anne ferðaðist því um Norðurlöndin og ráðfærði sig við þátttakendur í lista- og menningarlífi landanna um hvað væri best að gera.

Niðurstæðan varð sú að bankinn ákvað að einbeita sér að málverkinu innan myndlistarinnar. „Málverkið var búið að vera í ákveðinni lægð og hafði verið lítið áberandi í listheiminum um nokkurt skeið,“ segir Anne. „Flestum bar þó saman um að málverkið væri miðill sem stæði fyrir sínu hvað sem á gengi og því vert að veita því nánari athygli.“

Tískusveiflur í listheiminum

Francisco Ortega sýningarstjóri, sem leysir af Ulrika Leven í barnsburðarleyfi hennar, bendir á að listmálarar láti tískusveiflur í listheiminum yfirleitt lítið á sig fá. „Á meðan málverkið var „úti“ héldu þeir áfram að mála. Kannski höfðu þeir meira næði til að sinna málverkinu þar sem augu listheimsins voru ekki stöðugt mænandi á þá, allavega er ekki annað að sjá en málverkið lifi ágætu lífi.“

Hann bendir á verk Rolfs Hansons, verðlaunahafa sýningarinnar, máli sínu til stuðnings. „Verk hans fara ekki úr tísku af því þau segja sögu með algilda skírskotun.“ En það kemur í ljós að þau hafa líka skírskotun í listasögunum, nánar tiltekið verk sænska málarsins Carls Frederiks Hill sem einnig hafði mikil áhrif á þýsku expressjónistana í upphafi aldarinnar. Stigarnir sem Hanson malar munu vera þeir hinir sömu og Hill máladi á sínum tíma í Suður-Frakklandi.

Ortega bendir einnig á, líkt

og einn íslensku þáttakendanna á sýningunni Helgi Þorgils Friðjónsson hefur gert, að málverkið hafi á undanförunum misserum öðlast ákveðna uppreisn æru í listheiminum. Málverk eru aftur komin upp á vegg í framsæknum galleríum. „Listheimurinn hagar sér ekkert ósvipað tískuheiminum. Þegar eitthvað er búið að vera nógu lengi úti í kuldanum kemst það aftur í tísku,“ segir Francisco.

Í mörgum þrepum

Fregnir um andlát málverksins voru sem sagt ekki á rökum reistar, enda rökrétt að það fái uppreisn æru nú þegar sérhæfing og landamæri milli miðla í myndlistinni virðast endanlega vera að þurrkast út. Listheimurinn sýnir þeim endurnýjað áhuga, sem kristallast meðal annars í eftirspurn safna utan Norðurlandanna eftir að fá Carnegie sýninguna til sín. Sá áhugi getur líka verið því að þakka hversu fagmannlega staðið er að skipulagningu sýningarinnar, þar sem hagsmunir fyrirtækisins vjka fyrir álit sérfróðra ráðgjafa.

Skipulagning sýninganna hefst mörgum mánuðum áður en hún opnar í fyrstu borginni, eins og tíðkast í stórum söfnum, og er ferli næstu sýningar er þegar komið á fullt skrið. Carnegie byrjar sem sagt á að tilnefna nokkra safnamenn, fræðimenn, listamenn og gagnrýnendur frá hverju Norðurlandanna og biður þá um að tilnefna nokkra listamenn frá sínu landi. Í ár kom það í hlut Gunnars J.

Árnasonar, Péturs Arasonar og Hrafnhildar Schram (aук eins sem kaus nafnleyn) að nefna listamenn til þátttöku fyrir hönd Íslands.

Þessir listamenn eru síðan beðnir um að senda inn slides-myndir af fimm listaverkum, sem sérstök dómnefnd, skipuð norrænum safnstjórum, sér um að velja úr. Tilnefndir listamenn eiga ekki aðeins möguleika á að taka þátt í sýningu sem ferðast til allra Norðurlandanna, auk London á þessu ári, heldur fá þrjú þeirra vegleg peningaverðlaun og einn fékk styrk.

Ekki eftir þjóðerni


Verðlaunahafarnir í ár heita Rolf Hanson frá Svíþjóð, Silja Rantanen frá Finnlandi og Clay Ketter frá Bandaríkjunum, sem starfar í Svíþjóð. Sérstakan styrk fékk Tal R, rúmlega þrítugur myndlistarmaður ættaður frá Ísrael, sem býr í Danmörku. Það er því nokkuð ljóst að Carnegie setur aðeins skilyrði um búsetu en ekki þjóðerni. Þá eru þátttakendum ekki sett nein aldurstakmörk og þeir heldur ekki útilokaðir frá tilnefningu í framtíðinni fyrir að hafa tekið þátt áður. Listamenn virðast ekki setja það fyrir sig að vera með á sýningu sem ber nafn eins stærsta fjárfestingabanka á Norðurlöndum, enda gefur skipulagningin varla tilefni til þess. Þetta er önnur Carnegie sýningin sem sett er upp en hún er þegar farið að færa út kvíarnar. Eins og áður sagði verður hún næst sett upp í London, en fyrirspegnir hafa einnig borist frá Suður-Frakklandi og víðar, um næstu sýningar. Með tilliti til þessa er Anne Folke þegar farið að hugsa um endurskipulagningu sýningarhaldsins.

Hún segir að í framtíðinni verði sýningin fyrst opnuð í janúar í stað október nú, sem þýðir að hún verður allsstaðar sett upp á því almanaksári sem hún er kennd við.

Á Carnegie 1999 sýningunni, sem nú er á Kjarvalsstöðum (í fyrra var sýnt á Listasafni Íslands) gefur vissulega aðeins að líta málverk. En þegar þau eru skoðuð nánar, kemur í ljós að þótt listamennirnir hafi kosið að vinna með málverkið eiga þeir afar ólíkan bakgrunn og að baki verkanna liggja mismunandi forsendur.

(Borgar)landslag

Francisco Ortega hefur gert sitt til að stilla upp andstæðum verkum, sem þó eiga sameiginlegan snertiflöt. Þetta á við um verk verðlaunahafans Silju Rantanen, við verk Guðrúnar Einarsdóttur og Georgs Guðna. Málverk hins síðastnefnda kanna ómælissviðir landslagsins, sem í



Helgi Þorgils Friðjónsson: Heilög fjölskylda, 1998. Olía á striga, 120 x 160 sm.

raun er abstrakt og gert eftir minni þrátt fyrir fjöllin.

Verk Guðrúnar hins vegar virðast óhlutbundin en eru, þegar betur er að gáð, nákvæm eftirlíking af náttúrunni, séð í ljósmyndalegri nærmynd. Á milli þeirra eru þrjú málverk af óhlutbundnum línunum og ferningum eftir Silju, sem reynist vera að kortleggja, eftir minni, gönguferð sína um ítalska borg. Þannig á Silja kannski meira sameiginleg með Georgi Guðna, en Guðrúnu, þótt nálgunin og útkoman séu ólík.

Samskonar andstæður er að finna í sitt hvorum enda Vestursalarins. Áferð Kringlótttra málverka Matti Kujasalo minnir einna helst á móðurborð úr tölvu um leið og þau hafa sterka skírskotun til Op art listaverka. Þau höfðu því til annarskonar sjónskynjunnar en tján-ingarríkar myndir Tal R af hversdagslegu umhverfi og aðstæðum í anda Matisse.

Í hinum endanum minnir annað verk allt í senn á tölvu og gamla prent-tækni, en þetta er Óþekktur eftir Anne-Karin Furunes, sem hangir uppi við hlið expressjónísku stiganna hans


Hansons og hugmyndafræðilega myndröð Kettars. Í sama sal getur einnig á að líta ljósmyndir sem við eigum að skilja sem heimild af gjörningi eftir Matts Leiderstam.

Frammi á gangi safnsins er skyggnumyndasýning af öðrum gjörningi sem norsk-danski listamannadúettinn Elmgreen & Dragset framdi við opnun Carnegie Art Award 1999 í Osló í október síðastliðinum. Það má ekki aðeins líta á veru gjörningsins þarna sem vilja Carnegie til að sýna að sýningin sé með á öðrum nótum myndlistarinnar. Hann undirstrikar ekki síður þá staðreynd, að miðillinn í myndlist samtímans, segir aðeins hálfu söguna.

-MEÓ.



Lena Cronqvist: Stúlka í rauðu ásamt móður, 1999. Límlitir og olía á striga, 121 x 144 sm. Lena á tvímælalaut „Óþægilegustu“ verkin á sýningunni.



Rolf Hanson: Around the Stair V, 1998. Olía á tréplötu, 150 x 150 sm. Hann hlautu fyrstu verðlaun Carnegie fyrir verk sín, 500.000 sænskar krónur.